

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt
vikublað

25. tbl. - 11. árg. - 2012 - Föstudagur 29. júní

Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjarðabyggd.is

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

**Ný og betri afgreiðsla
á Reyðarfirði**

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

Landflutningar
samskip

AUSTURBRÚ
þekking - þróun - þjónusta

Óróleiki innan Austurbrúar

- Starfsfólk óöruggt, telja skort á upplýsingaflæði og hafa áhyggjur af innri vinnu stofnunarinnar. Óánægja beinist að framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- Eðlilegir hnökror í breytingaferli segja heimildamenn innan stjórnar.

Bls. 6

Meðal efnis:

Mótmæla harðlega reglugerð um verklegt skotpróf vegna hreindýra-veiða **bls. 2** • Menningarhátíðin Vopnaskak hefst í næstu viku **bls. 4** • Á fætur í Fjarðabyggð **bls. 11** • Snjallleiðsagnir á Austurlandi **bls. 12** • Bjartur 2012: Rathlaup og fjölskylduskemmtun **bls. 13** • Krummaljóð á veggjum Fljótsdalshéraðs **bls. 16**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

1495
KR. KG

FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

KS FROSID LAMBAFILLET/HRYGGVÖÐVI

3598
KR. KG

FROSID LAMBAFILLET/HRYGGVÖÐVI

FROSINN

1898
KR. KG

NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI

Mótmæla harðlega reglugerð um verklegt skotpróf vegna hreindýraveiða

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum mótmælir harðlega framkvæmd skotprófa vegna hreindýraveiða. Skotprófin voru sett á eftir samþykkt reglugerðar um verklegt skotpróf vegna

hreindýraveiða í maí í kjölfar breytinga á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem tóku gildi sl. haust.

FLH (Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum) hefur sent Umhverfissráðuneytinu bréf þar sem framkvæmd skotprófsins er mótmælt. Stjórn FLH fagnar í bréfinu til stofnunarinnar að „ákveðið hafi verið að veiðimenn hreindýra og leiðsögumenn verði að sanna hæfni í meðferð skotvopna“. Stjórnin segir það vera í samræmi við ítrekaðar samþykktir aðalfunda FLH, sem og stjórnarfundar sama félags. Stjórnarmenn gagnrýna aftur á móti framkvæmdina en þeir telja að þar sé „lagt til að skotprófin verði „skrifinnnskubákn“ þar sem mikil áhersla er lögð á prófdómara, stífar reglur, tíma, takmarkaða möguleika á endurtökuprófum, skráningu á rifflum sem nýtast til próftöku og síðan veiða, útgáfu



Sigurður Adalsteinsson, hreindýraleiðsögumaður, við stillingar á riffli.

skirteina eða skráningu í veiðikort/hreindýraveiðileyfi.“ Þeir telja að of langt sé gengið og árétta þá skoðun félagsins að markmiðið með skotprófum „tengdist fyrst og fremst því að veiðimenn mættu æðir til veiða og kynnu með skotvopn sín að fara á veiðislóð“.

Forsvarsmenn félagsins hafa verið boðaðir á fund í Umhverfissráðuneytinu til þess að ræða framlagðar athugasemdir og mótmæli.

Nýr framkvæmdastjóri hjúkrunar

Í byrjun júní var gengið frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra hjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA). Sú sem ráðin var heitir Nína Hrönn Gunnarsdóttir og mun hún hefja störf í september nk. Lilja Adalsteinsdóttir hafði gegnt því starfi þar til fyrir skemmstu.

ÖXI 2012

Í fyrsta sinn mun göngu- og hlaupahelgin Öxi fara fram dagana 29. júní til 1. júlí. ÖXI 2012 hefur upp á að bjóða bæði hefðbundna og óhefðbundna hreyfingu. Haldin verður þríþrautakeppni þar sem keppt verður í sundi, hjólræiðum og hlaupi. Einnig verður gúmmískóganga og tásutölt fyrir áhugasama.

www.djupvogur.is.

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er
891 6484

Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi

Laugardaginn 30. júní spilar Raggi Bjarna ásamt hljómsveit Jóns Ólafssonar sem skipa ungir tónlistarmenn frá tónlistarnámsskeiði Jazzhátíðarinnar, Brján og Tónlistarmiðstöðvarinnar í Valaskjálfi á Egilsstöðum. Tónleikarnir eru lokaviðburður Jazzhátíðarinnar á Egilsstöðum.

Nánar á heimasíðu Jazzhátíðarinnar, www.jea.is.

Fréttatilkynning

Öflug ferðapjónusta við Lagarfljót

- áætlunarferðir 3svar á dag í júlí

Ferðapjónustuaðilar á Hallormsstað og í Fljótsdal stofnuðu til klasasamstarfs í fyrra til að efla ferðapjónustu á Upphéraði með sameiginlegri kynningu og áætlunarferðum frá Egilsstöðum í samvinnu við Tanna Travel. Allan júlímánuð verða þrjár ferðir á dag milli Egilsstaða og Végardals í Fljótsdal. Fyrsta ferð að morgni er frá Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum kl. 8:00 en síðasta ferð úr Fljótsdal er kl. 17:15. Stoppistöðvar eru á Skriðuklaustri, við Hengifoss og á Hallormsstað.

Óhætt er að segja að óvída á landinu sé á jafnflitlu svæði að finna viðlíka fjölbreytni í náttúru, áhuga-verðum stöðum og þjónustu fyrir ferðamenn. Hallormsstaður og Fljótsdalur státa af stærsta skógi landsins, næsthæsta fossinum, aflmestu virkjuninni, klausturminjum, menningarsetri og vistvænni gestastofu fyrir stærsta þjóðgarð í Vestur-Evrópu. Á svæðinu eru allar tegundir af gistingu, allt frá svefnpokapláss og tjaldsvæðum uppi í hótelsvitur og sumarhús. Og nú er hægt að njóta náttúrulauga í Laugarfelli og gista í faðmi fjallanna á Fljótsdalsheiði. Á svæðinu er einnig að finna úrval gönguleiða, hesta- og bátaleigu og yfir sumarið eru starfræktir þar þrír

veitingastaðir sem leggja áherslu á hráefni svæðisins, s.s. hrútaber, lerkisveppi og hreindýrakjöt. Frægast er þó svæðið fyrir elsta íbúann, Lagarfljótsorminn sem svo sannarlega hefur lagt sitt af mörkum þetta árið til að minna fólk á dulúð Lagarfljóts.

Að klasasamstarfinu standa ferðapjónustuaðilar á Hallormsstað og í Fljótsdal ásamt Vatnajökulsþjóðgarði, Landsvirkjun, Tanni Travel og Fljótsdalshreppur. Klasinn gefur út sameiginlegan kynningarbækling á íslensku og ensku undir kjörorðinu *Njóttu lífsins við Lagarfljót.*

Nánari upplýsingar veitir:

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar skuli@skriduklaustur.is eða sími 471-2990.

Útboð vegna tölvukerfis Fljótsdalshéraðs

Tölvubúnaður, hýsing, tengingar og notendapjónusta

Fljótsdalshérað auglýsir eftir tilboðum í eftirfarandi:

- Tölvur og tengdan búnað
- Hýsing
- Tengingar
- Notendapjónusta

Útboðsgögn fást á skrifstofu sveitarfélagsins, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum. Hægt er að senda beiðni um útboðsgögn á netfangið egilsstadir@egilsstadir.is eða hringja í síma 4 700 700. Ekki þarf að greiða fyrir útboðsgögn.

Skilafrestur tilboða er 15. júlí 2012 og skal gögnum skilað á skrifstofu Fljótsdalshéraðs.

Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is



Fyrsta ræstingafyrirtækið á landsbyggðinni til þess að hljóta Svansvottun

Ræstingabjónustan Fjarðaprif ehf. dafnar mjög vel og hefur að undanförnu náð tveimur merkjum áföngum, en fyrirtækið hlaut Svansvottun nú í apríl auk þess sem TAK, Tengslanet austfirskra kvenna, veitti Láru Eiríksdóttur öðrum eiganda þess hvatningarverðlaun fyrir vasklega framgöngu hennar í fyrirtækjarekstri.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar afhenti Láru E. Eiríksdóttur og Björgvini Erlendssyni, eigendum ræstingabjónustunnar Fjarðapriða ehf., vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins nú í apríl. Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls ferils vöru og þjónustu. Tilgangur Svansins er að ýta undir sjálfbæra þróun samfélagsins svo að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Hvað felur Svansvottuð ræstingabjónusta í sér?

Um er að ræða umhverfissvæna þjónustu. Kröfur Svansins fyrir ræstingabjónustu eru meðal annars þær að mengun og útblástur vegna flutninga á vegum fyrirtækis sé í lágmarki en bifreiðar þurfa að uppfylla evrópska mengunarskipti. Áhersla er lögð á umhverfismerktar vörur í innkaupum, umhverfissvæn sápuferni notuð við ræstingarnar, plastpöknotkun er lágmarkuð, allur úrgangur er flokkaður, allur pappír er umhverfismerktur o.s.frv. Gæði ræstinga þarf að tryggja með reglulegri þjálfun og fræðslu starfsmanna ásamt ferlum til að fylgjast með gæðum þjónustunnar.

Fyrirtækið verður einnig að uppfylla öll lög og reglugerðir sem eiga við starfsemi. Að minnsta kosti 50% hreinsiefna verða að vera umhverfismerkt og bann er við notkun efna

sem eru skaðleg umhverfinu og heilsu fólks. Heildarnotkun efna er lágmarkuð með réttri skömmun. Í dag er notkun umhverfissvæna efna hjá Fjarðapriðum 96,6% í reglulegri ræstingu. Allt ofangreint er samfíð hágæða ræstingu og vel þjálfuð starfsfólki.

Fyrirtæki í blómlegum vexti

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Lára fór til bankastjórans árið 2003 og það um 100.000 króna lán til þess að stofna lítið ræstingafyrirtæki. Sagðist hún þó jafnframt alls ekki viss um að geta borgað til baka. Fyrir peninginn fjárfesti hún í fötu á hjólu, moppusköftum, tuskum og efnum til þess að geta hafið störf. „Fljótlega náði ég samningum við nokkur smáfyrirtæki og tók skólana í Fjarðabyggð í gegn eftir stækkunarframkvæmdir. Eftir það gat ég fjárfest í vélum á borð við bónleysingarvél og teppahreinsivél,“ segir Lára.

Rúmu ári síðar dró til tíðinda, þegar Láru bauðst að sjá um þrif fyrir stórfyrirtækið Bechtel, sem sá um að reisa Fjarðaálverksmiðjuna. Fram að þessu hafði Lára mest unnið ein, en

fékk fólk tímabundið með sér þegar hún tók að sér stærri verkefni eins og skólaþrifin. „Eftir ég tók við Bechtel verkefninu óx fyrirtækið hratt og áður en ég vissi af var ég komin með tíu manns í vinnu. Ég keypti líka iðnaðarþvottavélar og setti upp þvottahús.“

Fjölmarginnað hékk á spýttunni með Bechtel - þrif á mörgum íbúðum á Eskifirði og Reyðarfirði, auk sumarhúsa á Einarssstöðum. Út frá Bechtel verkefninu gekk Lára inn í öll þrif Fjarðaáls, sem er nú hennar stærsti viðskipavinur. Í dag starfa rúmlega 30 manns hjá Fjarðapriðum, en starfsemin nær um allt Austurland - bæði vegna þriða í fyrirtækjum og á heimilum. Auk þessa reka Lára og Björgvin

blóma- og gjafavöruslunina Böggablóm á Eskifirði. „Ég hef verið mjög heppin með starfsfólk og starfsmannaveltan hefur verið mjög lítil. Sami kjarninn hefur haldist að mestu, en ég er með stelpur alls staðar að - meðal annars frá Íslandi, Póllandi, Lettlandi og Tælandi. Þær eru rosalega duglegar og hafa alla tíð hjálpað mér með allt skipulag, þannig að ég hef aldrei staðið ein í þússlinu sem fylgir,“ segir Lára.

„Skemmtileg viðurkenning fyrir mig og okkur öll“

Það var einnig nú í maí sem TAK, Tengslanet austfirskra kvenna veitti Láru hvatningarverðlaun - en fyrirtækið Fjarðaprif hlaut hvatningarverðlaun Þróunarfélags Austurlands árið 2010. „Þessi verðlaun voru hins vegar aðeins skráð á mig sem einstakling - konu í atvinnurekstri. Þetta er skemmtileg viðurkenning fyrir mig og okkur öll. Mér finnst þetta stórsniðugt framtak, að hvetja konur áfram og um leið vekja athygli á því sem þær eru að gera í samfélaginu.“



Konur fylltu mötuneyti Fjarðaáls á kvenréttindadaginn

Eins og undanfarin ár bauð Alcoa Fjarðaál konum á Austurlandi til kvennakaffis í tilefni kvenréttindadagsins þann 19. júní. Alls þáðu um tvö hundruð konur boðið, en margir starfsmenn buðu mæðrum sínum, konum og dætrum í kaffið. Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, ávarpaði samkomuna og fulltrúi frá Jafnréttisstofu kynnti starfsemi stofnunarinnar og jafnréttislögin. Einnig var boðið upp á skemmtiatriði og í lokin var farið í skoðunarferð um álverið.

Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til alþingis. Baráttan hafði staðið frá árinu 1885 þó fyrsta opinbera krafan um kosningarétt kvenna hafi ekki komið fram fyrr en árið 1895.



KRAFAN UM
PERSÓNUKJÖR

Öllum til mikillar ánægju þá er þessum forsetakosningum að ljúka. Heftin og fárið í kringum þessar kosningarnar hefur náð kjánalegum hæðum, öllum til ama og leiðinda að frátöldum vinsælum stjórnmálaálitsgjöfum og ofvirkum bloggnum. Umræðan um hlutverk og valdsvið forsetaembættisins hefur verið lamin niður með persónulegum árásum og níð um frambjóðendur, maka og stuðningsmenn. Fortíð ákveðins maka ásamt ásökunum fyrrverandi eiginkonu hans með tilvísun í bitra tengdamóður, meintar hvatningar til Ara Trausta um að draga framboð sitt til baka, tilfinningaríkar frásagnir um huggun barns á vegum núverandi forseta, samsæriskennningar um ESB, andúð á ríkisstjórninni, gömul flokkstengsl frambjóðenda, kosningatrix, Þórudaginn, Þóruhlapið og Þóru hitt og þetta er það sem umræðan snýst að mestu um. Fæstar stuðningsgreinar frambjóðenda snúast um eigið ágæti frambjóðandans og þess í stað snúast þær um ómöguleika hinna, fjarstæðukennar kenningar og oft á tíðum ósanngjarnar árásir á sitjandi forseta. Sem betur fer er þessu að ljúka eftir nokkra daga en vænta má eftirkasta í næstu viku þar sem sárir frambjóðendur munu eflaust varpa óljósum og hnyttum skilaðum út til samfélagsins, ofvirkum bloggnum til yndisauka.

Þessar kosningar hafa þó leitt af sér eina jákvæða niðurstöðu með því að varpa skýru ljósi á ótvíræða ókosti persónukjors og því ætti þeirri umræðu að vera með öllu lokið.

Úrslit kosninganna kunna að reynast mörgum erfið niðurstaða en hana verða allir að setta sig við svo langt sem það nær og vonandi geta allir þingmenn séð sóma sinn í því standa upp fyrir honum við setningu 141. löggjafarþings.

Lifið heil
Ragnar Sigurðsson

Hjalli

Nú er það þriðja
tilraun og ég verð
að hitta til að bjarga
jólasteikinni!!!!



Stjórn Félags hreindýraleiðsögumanna fagnar því að ákveðið hafi verið að veiðimenn hreindýra og leiðsögumenn verði að sanna hæfni í meðferð skotvopna. Skiptar skoðanir eru um framkvæmdina.

Reyðfirðingar halda til sjósunds



Efnt hefur verið til reglulegs sjósunds við smábátahöfnina á Reyðarfirði. Síðastliðinn þriðjudag kom vaskur hópur fólks saman við höfnina og skellti sér til sunds. Stefnt er að því að hittast á hverjum þriðjudegi klukkan 19:00 við höfnina. Þeir allra hörðustu stefna á að hittast tvisvar í viku þ.e. á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 19:00. Hópurinn hefur sett sér háleit framtíðar-markmið um að synda yfir fjörðinn.

Vopnaskak

Menningarhátíðin *Vopnaskak* er haldin ár hvert í fyrstu viku júlímánaðar á Vopnafirði. Menningarhátíðin nær hámarki helgina 6 - 8 júlí en þá bjóða íbúar Vopnafjarðar í súpu á ýmsum stöðum í þorpinu. Golfklúbbur Vopnafjarðar stendur fyrir golfmóti, austfirskir tónlistarmenn halda *Creedence Clearwater Revival* tónleika, sett verður upp markaðstorg í miðbæ Vopnafjarðar á laugardeginum, töframaðurinn Einar Mikael mætir með ný töfrabrógð og á laugardagskvöld munu Hvannadalsbræður halda fjölskylduskemmtun.

Safnadagur í minjasafni Bustarfells fer fram á sama tíma og hátíðin nær hámarki.



Mynd: Frá Vopnaskaki 2011.

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@asturglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@asturglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is

Útgáfandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

austur glugginn

Við kjósum Þóru Arnórsdóttur til embættis forseta Íslands því að við höfum trú á henni til allra góðra verka í því starfi!

Aðalbjörn Björnsson, skólastjóri
Anna Björk Guðjónsdóttir, kennari
Árni Kristinsson, bæjarfulltrúi á Egilsstöðum
Ásta Sigurðardóttir, Skjöldólfsstöðum
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
Bára Árný Sigþórsdóttir, stuðningsfulltrúi
Björn Hallur Gunnarsson, Sænautaseli
Elin Káradóttir, formaður félags ungra Sjálfstæðismanna á Héraði og Bfj. eystri
Sr. Einar Þór Þorsteinsson, fyrrum prófastur í Múlasýslum
Elísabet Esther Sveinsdóttir, hjá verkfræðistofunni Hatch
Eyjólfur Jóhannsson, rafmagnstækniþræðingur
Fjóla Björk Ottósdóttir, grunnskólakennari
Guðrún Agnarsdóttir, bóndi í Hofteigi
Guðrún Frímannsdóttir, félagsmálastjóri Fljótshéraðs
Heiður Ósk Helgadóttir, afgreiðslukona/tæknimaður
Helgi Kristinsson, verkstjóri
Hrafnís Bára Einarsdóttir, leikari,
Hrafnkell Lárusson, sagnfræðingur

Ingigerður Benediktsdóttir, launafulltrúi Fljótshéraðs
Ingunn Bylgja Einarsdóttir, starfsmaður félagsþjónustu Fljótshéraðs
Ingunn Karítas Indriðadóttir, viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka
Ingunn Kjartansdóttir, verslunarmaður í Nettó
Ingunn Snædal, skáld og kennari
Íris Randversdóttir, skólastjóri
Jón Hávarður Jónsson, framkvæmdastjóri
Jón Ingi Sigurbjörnsson, framhaldsskólakennari
Kolbjörg Lilja Benediktsdóttir, framhaldsnemi í sálfræði
Kristborg Bóel Steindórsdóttir, mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls
Kristinn Árnason, ellilífeyrisþegi
Kristján Ketill Stefánsson, kennari
Lárus Brynjar Dvalinsson, bóndi
Lilja Hafðís Óladóttir, Sænautaseli
Margrét Hákonardóttir, forstöðumaður í búsetu fyrir fatlað fólk
María Björk Einarsdóttir, bankastarfsmaður
Ragna Hreinsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú
Ragnar Magnússon, bóndi
Sigríður Sigurðardóttir, verslunarmaður í Nettó
Sigrún Birna Björnsdóttir, fræðslustjóri Alcoa Fjarðaáls
Sigrún Blöndal, kennari
Sigrún Hauksdóttir, sölukona
Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Barra
Stefanía Malen Stefánsdóttir, skólastýra
Stefán Bogi Sveinsson, lögfræðingur
Steinunn Snædal, bóndi
Svava Þórey Einarsdóttir, sölufulltrúi
Sælin Sigurjónsdóttir, öryrki
Þorbjörn Rúnarsson, áfangastjóri í ME
Þorsteinn Snædal, bóndi
Þórey Eiríksdóttir, kennari
Þórhallur Þorsteinsson, Ártröð 9
Þórunn Hyrna Víkingsdóttir, verkefnastjóri hjá Eimskip



Í tilefni hernámsdagsins bjóðum við upp á fish and chips og full English breakfast um helgina.



Hernámshelgin á Kaffi Kósý

Föstudaginn 29. júní spilar hljómsveit Gests Valgeirssonar.

Laugardaginn 30. júní DJ MAX.

Sunnudaginn 1. júlí
Hernámsdaginn býður Kaffi Kósý ásamt hljómsveit Gests Valgeirssonar og Tanna Travel öllum eldri borgurum í Fjarðabyggð á dansleik. Sætaferðir frá Norðfirði með viðkomu á Eskifirði og frá Stöðvarfirði með viðkomu á Fáskrúðsfirði.

Óróleiki innan Austurbrúar

Skammt er liðið frá stofnfundi Austurbrúar sem haldinn var þann 8. maí 2012. Stofnunin heldur utan um starfsemi fyrrum stöðstofnanna Austurlands þ.e. Þekkingarnetið, Þróunarfélagið, Markaðsstofnunni og Menningaráð Austurlands. Með stofnuninni færðist einnig dagleg starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) inn í Austurbrú. Eftir stofnfundinn hefur verið unnið að innra skipulagi stofnunarinnar og verið er að ljúka við að manna verkefnastjórnastöður sem verða hluti af framkvæmdarráði stofnunarinnar. Mörgum þykir vinnan við skipulagningu og uppbyggingu Austurbrúar ganga of hægt og kurr er meðal starfsmanna Austurbrúar og sveitarstjórnarmanna á Austurlandi.

Austurbrú varð til

Undirbúningur stofnunar Austurbrúar hefur í raun staðið yfir frá því að hafist var handa við verkefnið *Austurland – eitt sveitarfélag* sem síðar datt út af borðinu á vettvangi SSA. Eftir það var samþykkt á aðalfundi SSA 2010 að stofna vinnuhóp sem bar nafnið *Austfirsk eining* þar sem áfram voru skoðaðir kostir og gallar sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi. Samþykkt var að horfa frá sameiningarhugmyndum að sinni og vinna frekar að auknu samstarfi sem m.a. skilaði sér í því að farið var af stað með sameiningu stöðstofnana á Austurlandi og úr varð Austurbrú.

Flestir bera miklar vonir í brjósti um að úr verði sterk sameinuð stöðstofnun fyrir allt Austurlandi þó svo að greina megi ákveðið óöryggi, sérstaklega á meðal starfsfólks. Flestir starfsmenn fyrrum stöðstofnanna Austurlands héldu áfram störfum innan nýrrar



Frá stofnfundi Austurbrúar.

stofnunar en Stefánía Kristinsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, og Hafliði Hafliðason, fyrrum framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins, ákváðu að leita á önnur mið.

Lítið upplýsingaflæði – óróleiki á meðal starfsmanna

Í dag er svo komið að starfsfólk stofnunarinnar finnur fyrir óöryggi og kenna aðallega skorti á upplýsingaflæði um. Greina má óróleiki bæði á meðal starfsfólks Austurbrúar og á meðal sveitarstjórnarmanna. Margir þeirra sem Austurglugginn ræddi við finnst verkefnið fara of hægt af stað og á lítið miðist áfram. Óánægjan virðist einkum beinast að framkvæmdastjóra stofnunarinnar, Þorkeli Pálssyni. Aðrir heimildamenn Austurgluggans segja að um

vaxtaverki sé að ræða og að allan tímann hafi verið vitað að hnökrar myndi koma upp í ferlinu. Þeir segja að ekki sé hægt að skella skuldinni á Þorkel þar sem útfært skipulagsferli nýrrar stofnunar hafi ekki verið að fullu klárað þegar Þorkell kom til starfa.

Í síðustu viku sendi hluti starfsmanna Austurbrúar stjórninni yfirlýsingu þar sem áhyggjum er lýst yfir innri vinnu stofnunarinnar og upplýsingaflæði gagnrýnt. Stjórnin brást við með því að boða strax til fundar eftir að bréfið barst. Fundað var með Þorkeli í kjölfarið og vinnuferli sett af stað við að vinna úr þeim óróleika sem komin væri upp. Að sögn formanns stjórnar, Valdimari O. Hermannssyni, er verið að bæta úr upplýsingaflæðinu og tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem gerðar voru í bréfi starfsmanna. Starfsmönnum mun verða haldið betur upplýstum um gang mála við áframhaldandi skipulagningu Austurbrúar.



Þorkell Pálsson, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

THE ACADEMY OF THE
**SCIENCE
of
ACTING
and
DIRECTING***

AUDITIONS

REYKJAVÍK 21ST JULY 2012

Would you like to become a professional
Actor or a Director?

ASAD is a world-leading drama school based in London
with an international profile. We offer outstanding
professional programmes from 1 - 3 year BA(Hons) in both
Acting and Directing, accredited by LIN.

For more information on the Academy
and how to reserve your audition place, please visit:
www.asad.org.uk
or contact us directly at: info@asad.org.uk Tel: 0044(0)207 272 0027

facebook.com/asad.drama

Sweet Bird of Youth.
Student Director Fanney Vala Arnórsdóttir

BAC
ACCREDITED

Atvinna



Launafl ehf. óskar eftir að ráða reynda

rafvirkja og vélvirkja

til starfa með full réttindi. Góð laun í boði.

Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.

Nánari upplýsingar veitir
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir
á adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.



www.launafl.is – sími 414-9400

Héraðsprent

L.is í nýjum búningi

Nú er enn auðveldara en áður að komast í Landsbankann þegar þú ert á ferðinni. L.is farsímavefurinn er kominn í nýjan og glæsilegan búning með breyttri uppsetningu og auðveldara aðgengi.



Aukakrónur

Þú hefur gott yfirlit um Auka-krónuviðskipti þín, síðustu færslur, afsláttarkjör og staðsetningu fyrirtækja í Aukakrónuviðskiptum.

Hagnýtar upplýsingar

Þú getur lesið fréttir á Landsbankavefnum, fengið upplýsingar um gengi gjaldmiðla og markaði.

Útibú og hraðbankar

Þú getur fundið fljótt og vel staðsetningu allra útibúa og hraðbanka Landsbankans á gagnvirkum korti ásamt leiðbeiningum um stystu leiðina í næsta útibú.

Gjafakort Landsbankans

Þú getur flett upp inneign þinni á Gjafakorti Landsbankans með því að slá inn síðustu átta tölurnar í númeri kortsins.



Skannaðu QR kóðann
til þess að fara á L.is



Hernámstíðindi

5. Árgangur – 1. tölublað



Meira ástandið þarna á Reyðarfirði

Helgina 30. júní til 1. júlí bjóða Reyðfirðingar öllum að koma í heimsókn og njóta þess, í fimmta sinn, að horfa til baka og minnst hernámsins árið 1940. Gestir og heimamenn eru eindregið hvattir til að klæða sig í stíl við hernámstímann, njóta þess að vera bara hrikalega gamaldags eða klæðast hermannaþúningi eina helgi. Búast má við að hermenn og hertrúkkar setji svip á bæinn.

Í sögu Reyðarfjarðar segir um hernámið: „Hinn 1. júlí 1940 sigldi 26 þúsund tonna herflutningaskipið Andes inn á Reyðarfjörð og setti þar á land fjölmennt herlið sennilega hátt í 200 hermenn, en þeim átti eftir að fjölga svo um munaði.“ Árið 1940 bjuggu um 300 manns á Búðar-eyri við Reyðarfjörð en hermennirnir urðu 3.000 þúsund þegar flest var.

Hefið er fyrir því að bjóða upp á Fish & Chips á veitingastöðum bæjarins og nú gildir tilboðið frá föstudegi til sunnudags. Veitingastaðirnir eru Olís, Fjarðahótel, Grillskálinn Orka, Tærgesen og hjá Marlín. Auk þess verða Marlín og Sesam Brauðhús með spennandi stríðstertutilboð.

Hvetjum alla til að klæðast fötum sem minna á hernámsárin frá föstudegi til sunnudags!

Laugardagur 30. júní

Hernámshlaupið

Hernámshlaup Íslandsbanka er nú haldið í fyrsta sinn og eru veglegir vinningar í boði fyrir þá sem hlaupa 10 km. Mæting er við Íslenska Stríðsárasafnið og endað við Íslandsbanka. Ræst verður í 10 km. hlaup kl. 10:30 og í 5 km. hlaup kl. 11:00. Hlaupið er í boði Íslandsbanka og í umsjón Leikfélags Reyðarfjarðar. Ekkert skráningargjald.

Litið aftur til 1940

Lagt af stað frá Stríðsárasafninu kl. 11:00 í skemmtigöngu með leikfélaginu. Horft verður í baksýnispegilinn og við reynum að sjá fyrir okkur lífið á Reyðarfirði árið 1940. Ljúft ekki satt.



Fornbílasyning í Bræðslunni

Bræðslan er stór skemma við hliðina á Molanum. Þar verða bílaáhugamenn með spennandi fornbílasyningu frá kl. 13:00 – 17:00. Rúmlega 20 bílar verða til sýnis og eru skrautfjaðrirnar Ford vörubíll árg. 1930, Mercedes Bens árg. 1936 og Ford Fareline árg. 1956. Léttar veitingar, bíladella og góð stemning.

Hernámsdagurinn

Sunnudaginn 1. júlí kl. 14:00 verður marserað frá Molanum upp Búðarárgil og upp í Stríðsárasafn. Þoroddur Helgason leiðir gönguna og Kristinn Þ. Einarsson sem upplifði stríðsárin á Reyðarfirði verður sögu- maður. Búðarárgilið er algjör náttúruperla og Reyðfirðingar eru stoltir af þessari útivistarparadís í miðjum bænum.



„Þegar komið er að Stríðsárasafninu verður dag-skrá. Fjarðadætur taka lagið og níundi bekkur grunnskólans verður með veitingasölu og rennur ágóði sölnunnar í ferðasjóð krakkanna.“

Stríðsárasafnið verður opið frá kl. 13:00 til 17:00 og verður frítt inn á safnið.

HER NÁM

Á Hernámsdaginn þann 1. júlí verður opnuð myndlistarsýning í Íslenska stríðsárasafninu, Sýningin hefur heitið HER NÁM og er eftir listakonuna Sylvíu Dögg Halldórsdóttur; Lovetank. Hún útskrifaðist úr myndlist frá Willem de Kooning Academy í Hollandi árið 2007. Sylvía segir að sýningin sé unnin úr heimildum um hernámið á Reyðarfirði ásamt persónulegri tenginu hennar inn í tímabilið en hún er alin upp á Reyðarfirði. Sýningin verður opin alla daga í sumar frá kl. 13:00 – 17:00.

Veturhús

Loks verður heimildamyndin Veturhús eftir Þorstein J sýnd í Braggabíó. Myndin fjallar um það þegar heimilisfólkið á bænum Veturhús við Eskifjörð bjargaði tugum breskra hermanna frá bráðum bana í vitlausu veðri um miðja nótt í janúar 1942.

Það er draumur að dansa við dáta ...

„Eftir úrslitaleikinn í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu um kl. 21:00 reimum við á okkur dansskóna og skundum út í Félagslund. Þar hefst skemmtikvöld kl. 21:00 með Leikfélagi Reyðarfjarðar og Fjarðadætrum. Við lofum skemmtun eins og þær gerðust bestar á stríðsárunum“ segir Hjördís Seljan ein af Fjarðadætrunum sem slógu svo eftirminnilega í gegn á Hernámsdeginum í fyrra með Daníel Arasyni tónlistarmanni. Eftir skemmtiatriðin verða gömlu dansarnir rifjaðir upp fram eftir kveldi og Inga Rún Sigfúsdóttir og Jón Grétar Margeirsson leiða dansinn. Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir alla sem mæta í hernámsklæðnaði. 1.500 kr. fyrir fullorðna. 1.000 kr. fyrir börn eldri en 12 ára, eldri borgara og öryrkja. Börn 12 ára og eldri mega koma í fylgd með fullorðnum.

Tilboð vegna Hernámsdagsins

Veitingastaðirnir taka virkan þátt í hátíðinni með því að bjóða upp á Fish & Chips alla helgina og hjá Marlín & SESAM Brauðhúsi verða spennandi stríðstertutilboð.

MYNDLISTARSÝNING / ART EXHIBITION

STRÍÐSÁRASAFN REYÐARFJARÐAR
THE ICELANDIC WARTIME MUSEUM IN REYÐARFJORDUR
HOSPITAL CAMP V/HÆDARGERÐI, 730 REYÐARFIRÐI

OPENING ON JULY 1ST, 2012

HER NÁM

SYLVÍA DÖGG HALLDÓRSDÓTTIR

LOVETANK



Hvetjum alla til að klæðast fötum sem minna á hernámsárin frá föstudegi til sunnudags!

Hernámsdagurinn á Reyðarfirði er haldinn af Reyðfirðingum. Íslenska stríðsárasafninu, Leikfélagi Reyðarfjarðar, BYKO, Launafli, Íslandsbanka, Rafveitu Reyðarfjarðar, og Fjarðabyggð.



Stiklað á stóru

Laugardagur 30. júní

10:30 & 11:00 Hernámshlaup
Íslandsbanka hefst við Stríðsárasafnið.

11:00 Skemmtiganga hefst við Stríðsárasafnið.

13:00 - 17:00 Fornbílasyning í Bræðslunni.

Sunnudaginn 1. júlí

14:00 Söguganga hefst við Molann síðan skemmtidagskrá, myndlistarsýningin HER NÁM og heimildamyndin Veturhús

21:00 Skemmtikvöld og dansleikur í Félagslund. Aðgangseyrir.

Fjölsótt Skógarhátíð



Ungir sem aldrei skemmtu sér vel með Magna.



Borgfirðingurinn Magni Ásgeirsson vakti mikla lukku hátíðargesta.



Keppt var um Íslandsmeistaratitilinn í skógarböggi. Sex keppendur öttu kappi og svo fór að Bjarki Sigurðsson stóð uppi sem sigurvegari.



Skógarbændur báru fram beilgrillað Héraðsnaut.

Skógardagurinn mikli var haldinn í Hallormsstaðaskógi laugardaginn 23. júní. Veðrið lék við gesti hátíðarinnar en áætlað er að um 2000 manns hafi sótt hátíðina í ár. Dagskrá hátíðarinnar hófst með grillveislu, hrútaþukli og harmonikkuleikum á föstudagskvöldið en sjálfur Skógardagurinn fór fram á laugardegnum með miklum hátíðahöldum. Margir tóku þátt í skógarhlaupinu, skemmtiskokki fjölskyldunnar og skógarþrautum skátanna. Sýnd voru tæki sem notuð eru við skógrækt og boðið var upp á allskyns kræsingar m.a. lummur bakaðar á hlóðum og ketilkaffi að hætti skógarbænda.




Sumarhátíð

UÍA 6.-8. júlí 2012

Nettomótið í frjálsíþróttum á Vilhjálmsvelli

Sundmót í Egilsstaðalaug

Knattspyrnumót í 6. - 8. flokki á Vilhjálmsvelli

Strandblaksmót í Bjarnardal

Spretts Sporlangaleikarnir

- Boccia
- Starfshlaup
- Fáránleikar
- Grill og gleði



Nánari upplýsingar á
www.uia.is eða 471-1353.

 Landsvirkjun **nettó**

Á fætur í Fjarðabyggð

Göngu- og gleðivikan *Á fætur í Fjarðabyggð* hófst um síðastliðna helgi og lýkur á morgun, laugardaginn 30. júní með gönguferðum í Vöðlavík og kvöldvöku á Mjóeyri.

Þessi árlega gönguvika nýtur vaxandi vinsælda og veðrið hefur ekki skemmt fyrir að undanförmu. Um fimmtíu manns mættu í göngu á Barðnesi síðastliðinn laugardag og um sjötíu manns mættu á kvöldvöku á kvöldið. Þá var söguganga og kvöldvaka í Mjóafirði vel sótt og sömu sögu er að segja um aðra viðburði gönguvikunnar.

Hægt er að nálgast dagskrá gönguvikunnar á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is.



Hópurinn á einum af toppum Barðnes.



Margir tóku þátt í göngu upp á Hólmatind síðastliðinn sunnudag.



Mynd tekin frá Barðnesi.



Gönguhópurinn sem lagði af stað í Barðnes sl. laugardag.

austur glugginn
Fréttablað Austurlands

frétt næmt vikublað

Austurglugginn er fyrir alla!

...alltaf á vertíð!

Í fiskiðnaði, heilsugæslu, iðnaði, landbúnaði, löggæslu, fyrir sjómenn, skrifstofufólk, verslunarfólk, Austfirðinga og alla aðra landsmenn.

ÁSKRIFTARTILBOÐ:
 Hringið í síma 477-1571 & 891-6484 og fáið fría kynningaráskrift í einn mánuð. Verð á mánuði kr. 1.400 í áskrift.

Austurglugginn lifandi blað! • Austurglugginn á Facebook

ÚTBOÐ

Fljótsdalshérað óskar eftir tilboðum í verkið GANG-STÉTTAR OG STÍGAR 2012. Verkið felst í að steypa kantsteina og gangstéttar, helluleggja gangstéttar og koma fyrir tröppum og vagnabraut ásamt frágangi. Vinnusvæðin eru við Fagradalsbraut, Lagarás, Hamra, Hléskóga, Lyngás, Fénaðarklökk, Skógarlönd, Tjarnarbraut og Norðurlandsveg í Fellabæ.

Helstu verkþættir eru:

• Kantsteinar	190 m
• Steiptar gangstéttar	330 m ²
• Hellulögn	165 m ²
• Niðurtektir	14 stk

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Fljótsdalshéraðs við Lyngás 12 á Egilsstöðum frá og með miðvikudegi 27. júní 2012.

Tilboð verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 18. júlí 2012 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Fljótsdalshérað



Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir
 sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

Bjartur 2012:

Rathlaup og fjölskylduskemmtun

Sólarhringsrathlaup verður í fyrsta sinn haldið á Íslandi í Jökuldalsheiði um helgina, 30. júní til 1. júlí. Rathlaupið reynir á ýmsa þætti, svo sem rötun, kortalestur, breytingu, útbald og samvinnu en keppt er í liðaflokki. Styttri útgáfur af hlaupinu eru einnig í boði. Bjartur 2012 er bæði skipulagður sem fjölskyldudagur og keppni og verður t.d. hægt að skoða dýrin í Sænauteseli, sigla á hjólabátum o.fl. þannig að flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Afhverju rathlaup um Jökuldalsheiði?

Aðal ástæða þess að Jökuldalsheiðin varð fyrir valinu er saga byggðarinnar í Heiðinni og áhugi á að gera þeirri sögu góð skil. Jökuldalsheiðin er einnig tilvalinn staður fyrir rathlaup við flestra hæfi. Fyrirkomulag keppninnar/uppákomunnar er þannig að þátttakendur reyna að finna staði sem merktir hafa verið á kort sem afhent er í upphafi, en þátttakendur ráða sjálfir hvaða punkta þeir reyna að finna og í hvaða röð. Hægt er að velja um þrjár mismunandi tímalengdir, þ.e. 4 klst. fjölskyldurathlaup, 10 klst. rathlaup og 24 klst. rathlaup. Þegar Sænautesel er miðpunktur eins og í þessu tilfelli, er hægt að ráða erfiðleika hlaupsins/göngunnar og velja m.a. hvort



Sænautesel

hlaupið/gengið er meðfram vatni, upp fjall eða um gróin eða ógróin svæði. Um nokkurt skeið hafa verið farnar gönguferðir á milli heiðarbýlanna og þótti tilvalið að bæta við hlaupi sem gerði þá kröfu til þátttakenda að þeir skoðuðu umhverfið, í stað þess að hlaupa eftir fyrirfram ákveðinni, merktri leið.

Hvernig kviknaði hugmyndin?

Hugmyndin kviknaði hjá Karen Erlu Erlingsdóttur þáverandi frístunda- og menningarfulltrúa Fljótsdalshéraðs þegar hún las grein um rathlaupsfélagið Heklu sem þá var verið að stofna. Okkur, þ.e. Karen Erlu og mér (Frey Ævarssyni

verkefnastjóra umhverfismála), fannst strax að Jökuldalsheiðin væri tilvalinn staður fyrir rathlaup, þar sem um stórt svæði er að ræða sem er tiltölulega auðvelt yfirferðar. Upphaflega hugmyndin var að tengja saman keppni í rathlaupi og sögu byggðarinnar í Heiðinni. Við settum okkur fljótlega í samband við forsvarsmenn Rathlaupsfélagsins Heklu, þá Guðmund Finnbogason og Gísla Örn Bragason, og létum vita af áhuga okkar og hugmyndum. Þeir tóku mjög vel í okkar hugmyndir og hafa hjálpað okkur mikið við undirbúninginn. Margir fundir hafa verið haldnir í undirbúningshópi heimamanna (sem reyndar hefur tekið miklum breytingum) og hafa margir aðilar komið að

undirbúningnum, bæði útivistarfólk, einstaklingar sem þekkja svæðið vel og aðrir áhugasamir. Þeir sem eru í undirbúningshópnum nú og standa að hlaupinu eru ferðapjónustufyrirtækið Austurför, Ungmennna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og sveitarfélagið Fljótsdalshérað.

Er stefnan sett á árlegan viðburð?

Stefnt er á að rathlaupið, sem hefur fengið heitið Bjartur, verði árlegur viðburður. Þar sem Heiðin er nokkuð auðveld yfirferðar, en þó fjölbreytt, eru möguleikarnir á að halda rathlaup þar árlega, mjög miklir. Það hefur reyndar sýnt sig með ýmsa viðburði að nokkur ár getur tekið, þar til þeir festa sig í sessi, og viðburður verður ekki árlegur nema einhverjir taki þátt. Ef vel tekst til með Bjart 2012 verður örugglega framhald á og þá verður Bjartur 2013 haldinn að ári. Þar sem þetta er í fyrsta sinn sem rathlaup af þessari gerð (s.k. Rogaining) er skipulagt á Íslandi, er tækifæri fyrir heimamenn að taka þátt og vera með þeim fyrstu til að keppa í þessari grein og hafa þá forskot á aðra þegar slík rathlaup verða jafn vinsæl hér og þau eru erlendis! Frekari upplýsingar má fá á skrifstofu UÍA (uia@uia.is eða í síma 471 1353) eða á Facebook - síðu Bjarts 2012.

Ekki forsetakosningar?

Allar líkur eru á því að Ólafur Ragnar Grímsson verði kjörin áfram til að gegna embætti forseta Íslands eftir kosningarnar 30. júní þrátt fyrir að hafa lýst yfir eindregnum vilja sínum til að yfirgefa embættið og snúa sér að öðrum verkefnum í áramótaávarpi sínu. Aðspurður um hvað hafi orðið til þess að breyta afstöðu hans þá vísar hann í þann hóp fólks sem kallaði eftir framboði hans sem og þess hóps sem stóð á bak við þá smölun. Forsendur hans og fyrrnefnds hóps eru þær að „á þeim óvissutímum sem við lifum nú sé mikilvægt að hafa reyndan og öflugan forseta sem getur verið málssvari/verndari þjóðarinnar“ og var þar m.a. vísað til vantrausts þjóðarinnar til alþingis.

Ólafur hefur breytt forsetakosningunum frá því að vera val á milli einstaklinga í að vera pólitísk málsvörn sitjandi forseta, varnaræða sem snýst um að réttlæta afglöp hans og koma á framfæri hetjudáðum hans á síðustu 16 árum. Aðrir frambjóðendur hafa ekki sömu forsendur og Ólafur til að svara fyrirspurnum fjölmiðlamanna

um forsætisembættið þar sem allur málflutningur byggir á fordæmum sem flest koma frá embættis eða valdatíð Ólafs.

Forsetakosningarnar snúast ekki lengur um að velja besta frambjóðandann heldur um að velja annað hvort Ólaf eða þann sem líklegastur er til að fella Ólaf, jafnvel

þó kjósendur telji að einhver annar frambjóðandi sé betur til þess fallinn að gegna embættinu. Með framboði sínu má leiða líkur að því að margir sem ihuguðu framboð hafi hætt við þar sem fyrir séð var hvaða leikflétta færi í gang. Hver er framtíð forsetaembættisins í ljósi þess að sami maðurinn hefur setið þar svo lengi og ætlar sér að sitja áfram? Ólafur sagði sjálfur að æskilegt væri að forseti sæti eigi lengur en 12 ár.

Er gott að vera með forseta sem tæplega helmingur þjóðarinnar styður og hinn helmingurinn er á móti? Verður það ekki til þess að



Stefanía G. Kristinsdóttir

forsetaembættið verði í sömu skotgröfunum og Alþingi? Erum við að nálgast lýðræði með því að ala á ótta sem veldur því að þjóð kys forseta sem ætlar að vernda hana á óvissutímum og þá jafnvel gegn þeirra eigin þjóðþingi eða ógnvænlegum alþjóðlegum áhrifum?

Hvers virði er lýðræði ótta og addunar á einstaklingsframtaki forsetans?

Samstarfsfélagi minn sagði einu sinni „það er betra að fleiri vitleysingjar ráði en færri“ og því er ég sammála - það er betra að fleiri en einn þjóðkjörinn fulltrúi ráði?

Ef til vill ætti enginn að sitja of lengi í valdastóli - hvorki í forsetastóli né á alþingi. Sú regla er viðhöfð í ýmsum félagskap og fyrirtækjum að stjórnarmenn sitji ekki lengur en 3 - 5 ár í senn, mætti ekki setja fram svipaða reglu varðandi forseta og alþingismenn, hámark 2 - 3 kjörtímabil?

Stefanía G. Kristinsdóttir

Menningar miðstöðvar Austurlands

SLÁTURHÚSIÐ

Sumarsýningin

Feðgar Mæðgin

Fjölbreytt sýning blönduð af hinum ýmsu stílum.

Ólöf Birna Blöndal

Sveinn Snorri Sveinsson

Þór Vigfússon

Helgi Þórsson

Stendur yfir til 20. ágúst

Opið

Mán. til Fim. kl. 17.00 - 22.00

Fös. til Sun. kl. 14.00 - 16.00

Framundan:

Fimmtudaginn 5. júlí ætlar

Listakonan Kjuregej ætlar að halda tónleika í Sláturhúsinu

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848 0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10 þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud. kl. 20:00, laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00. Þjónustusími 898 3910.
Éskifjörður: Kirkjumiðstöðin laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8 þriðjud. kl. 20:30,
Safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00 í safnaðarheimilinu.

KIRKJUSTARF

Egilsstaðir:
Skógarmessa í Selskógi kl. 11:00
Hofteigskirkja:
Kvöldmessa kl. 20:00
Tónlistarstund í Vallaneskirkju kl. 20:00:
Svanur Vilbergsson, klassískur gítar. Svanur er frá Stöðvarfirði, læður á Spáni og í Hollandi, en starfar sem kennari og tónlistarmaður í Reykjavík og hefur komið víða fram.
Óystein Magnús Gjerde, klassískur gítar. Hann er af Héraði og stundar nám í gítarleik við Háskólann í Bergen.

Tónlistarstund í Egilsstaðakirkju kl. 20:00:
Ágúst Ólafsson, barítónsöngvari úr Hafnarfirði og Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanó. Eva Þyri bjó fyrstu æskuárin á Reyðarfirði, en býr nú í Reykjavík. Þau hafa bæði komið víða fram á Íslandi og erlendis.

Egilsstaðaprestakall:
Safnaðarheimilið Hörgsási 4. Foreldramorgnir á mánudögum og miðvikudögum kl. 10 - 12. Kyrrðarstund alla mánudaga kl. 18. Sóknarprestur til viðtals á þriðjudögum og fimmtudögum 10:30 - 12:00 og á miðvikudögum 13:00 - 14:30 og eftir samkomulagi.

Kirkjuselið í Fellabæ:
Opið hús alla miðvikudaga kl. 16:00 - 18:00. Allir velkomnir.

www.kirkjan.is/austurland



ABC styður götubörn til betra lífs



Erna Kristín safnaði yfir 600.000 kr.

www.abc.is

Vilt þú skipta máli?

Hvað er hægt að geta þeim sem allt á? Prófaðu gjafabréf ABC

<http://www.abcchildrensaid.org>



ÁSKRIFTA OG AUGLÝSINGASÍMI
auglysing@austurglugginn.is
Síma 477-1571.

FLUTNINGAR



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpivogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

MARKAÐUR



Miðás 7 · sími 471 3002
Opið virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 15

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Sími 471 2013 · www.rafey.is
Miðási 11 · 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélapjónusta · 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Miðvangur 2-4 · Egilsstaðir · s. 471 2020
Búðareyri 15 · Reyðarfjörður · s. 474 1234
Gsm 692-9990

GARÐYRKJA



SÓLSKÓGAR ehf.
Plöntusala, sími 471-2410
opið virka daga 10 - 18
helgar 10 - 16



Ert þú með fréttaskot eða viltu koma viðburði á framfæri? Hringdu í fréttasíma **Austurgluggans 867-2151**



Vilt þú verða umræðuhæfur á kaffistofunni?
Tryggðu þér áskrift að fréttablaði austfirðinga

Skopmynd vikunnar - Vísnaðarn - Austfirsk málefni krufin til mergjar - Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð - Fréttabréf Fljótsdalshéraðs - Fréttabréf Fjarðabyggðar. Veljum austfirskt alla leið...



HÁR & SNYRTING



Opið virka daga 9:00 - 17:00

HÁRHÖLLIN
Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan Stöðvarfirði
Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl. 11:00 - 20:00, sími 475 8939.



TÆRGESEN
Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði · Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.egilsstadir.com · sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21



Góður veitingastaður á Eskifirði
með fjölbreyttum matseðli
Veisluþjónusta: Barnaafmæli, pizzur og fl. Veislur fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á 100" breiðtjaldi og 50" sjónvarpi. Kaffihusid.is/ Facebook.com
Sími: 476-1150 • GSM: 894-6606



Mán-Fös: 07.30 – 17.30
Laugardaga: 09.00 – 16.00
-FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA-
Sími: 475-8000

INNANSTOKKS



BRÚNÁS
innréttingar
Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



RÉTTINGAVERKSTÆÐI SVEINS EHF RÉTTINGAR SPRAUTUN DEKK PRÍF
Sími: 477-1169 kv@smnet.is

RVA.is
Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opið mán.-fim. Kl. 8 - 18 - Fös kl. 8 - 17
Sími 470 5070



BÍLAMÁLUN EHF EGILSSTÖÐUM
S: 471-2005 GSM: 897-7766

Réttingar og sprautun
Framrúðskipti
Bílaeiga.
Opið virka daga kl. 8 - 18



BÍLAFELL
Smiðjusel 5 · Fellabæ
700 Egilsstaðir · s: 471 1696



BÓN & PÚST
Opið mánud.-föstud. kl. 8 - 12 og 13 - 18
Lyngás 5 · 700 Egilsstaðir · sími 471 3113



LAUNAFL
Bifreiðaverkstæði
Mán. - fim. 8 - 18 • Fös. 8 - 16.
Sími 414-9420

TRYGGINGAR/ÖRYGGI



SJÓVÁ
440 2400
Sjóvá · Miðvangi 1 · 700 Egilsstöðum
Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

ÞVOTTAHÚS



LÉTTUM ÚT
LEIÐGANGUR
474-1574
REYKJAVÍK

Opið 7 - 12 og 13 - 17 · 474-1274



Akurinn
Velkomin til Akureyrar
Akurinn
Gistiheimili
Brekkgötu 27a · Akureyri · Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is · www.akurinn.is

ÆVIÁGRIP



Gunnar Egilsson

fæddur í Geitagerði í Skagafirði 7. október 1929.

Hann var sonur hjónanna Þórdísar Gunnarsdóttur og Egils Jónssonar, næstelstur sinna systkina sem voru: Hulda, Jón, Björn og Erlendur. Gunnar ólst upp í Geitagerði, fluttist þaðan að Þróm og svo á Sauðárkrók. Hann byrjaði ungur að vinna á jarðýtu við snjómokstur og vegagerð í Skagafirði í um 10 ár, þar til hann fluttist með foreldrum sínum austur á Reyðarfjörð 1955. Hann vann hjá Vegagerð ríkisins, fyrst sem vélamaður og síðan sem flokksstjóri, en hætti þar upp úr 1970. Byrjaði þá að starfa hjá Sildarverksmiðjum ríkisins yfir veturinn, en vann hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins yfir sumarið. Síðustu starfsárin vann hann á Vélaverkstæði KHB á Reyðarfirði. Sonur Gunnars með Sigurbjörgu Einarsdóttur er Einar fæddur 1963. Gunnar lést 10. júní sl. og var jarðsönginn frá Reyðarfjarðarkirkju 16. júní.

Genginn er góðvinur minn heiman frá Reyðarfirði, Gunnar Egilsson. Mér er ljúft að minnast okkar ágætu kynna og margt spjallið um skáldskapinn, lífið og tilveruna. Gunnar var Skagfirðingur, kom þaðan með foreldrum sínum ungur maður, en foreldrarnir hið ágætasta fólk sem ég náði vel að kynnast, einkum föður hans, en við Egill sátum saman í sveitarstjórn heima þar sem hann lagði jafnan gott til mála. Gunnar var ljóðelskur mjög, hafði t.d. Einar Ben. á hraðbergi og gat þulið kvæði hans, hann las mikið og allra helst ljóð gömlu skáldanna svo og þeirra sem héldu tryggð við það sem hann kallaði sanna skáldskaparhefð. Hann var greindur maður og gott þótti mér þegar hann leit til okkar Hönnu í Sandhóla og margt var rætt yfir kaffi og kökum. Ég naut þess að eiga við Gunnar ákveðið trúnaðarsamband um tiltekið mál,

þó ekki færi það því miður alveg á þann veg sem við báðir vildum helst, en þannig kynntist ég vel trúrri skaphöfn Gunnars. Hann var gallharður sjálfstæðismaður, en við ræddum einfaldlega ekki flokkspólitík, en nálægt henni fórum við stundum og vorum oft en ekki ásáttir um gang þjóðmála. Gunnar var einn hinna hógværu og lét ekki mikið fyrir sér fara, var trúr í hverju einu sem honum var falið, verkmaður mætur og samvirkusamur, var Bakkusi fullkær að eigin sögn lengi vel og dró enga dul á það í eðlislægri hrein-skilni sinni. Hann átti ákveðnar skoðanir og var rökvis vel, auðheyrð á öllu að hann hafði kynnt sér hlutina vel, fór í engu með innihaldsláust fleipur, alvörumaður innst inni, en átti líka til að slá á léttu strengi og hagamæltur var hann en fór dult með, örfáar vísur hans fékk ég að heyra. Ekki skal gleymt áhuga hans á vélum og bílum, hann hafði þar viðað að sér ótrúlega miklum fróðleik og hann lét verkin tala, gerði upp Ford 29 af stakri sníld, verðugt verk allrar þeirrar athygli sem það fékk. Hans mesta lífsgæfa fólst í syninum Einari sem hann vildi allt fyrir gjöra, hans er nú söknuðurinn sári og honum sendum við Hanna einlægar samúðarkveðjur. Gunnar minn var þekktur fyrir að aka í róleigheitum um bæinn og nágrennið, hraðföllum stundum til ama, en þá var hann oft í þungum þönkum sagði hann og svei mér ef hann hefur ekki stundum farið með Einar Ben. „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“, við Hanna kveðjum Gunnar í þökk fyrir kynnin, hann átti einlæga trú og mætti honum verða það veganesti á öræðum brautum eilífðarinnar.

Helgi Seljan

Hvatning til íbúa og gesta okkar í sumar

Brátt nær sumarið hámarki og vil ég hvetja íbúa sveitarfélagsins til að taka þátt í hátíðum og viðburðum sem eru á næsta leyti í sveitarfélaginu.

Vil ég minna á göngu- og gleðivíkuna Á fætur í Fjarðabyggð sem lýkur

laugardaginn 30 júní. Dagskrá gönguvíkkunnar hefur aldrei verið eins fjölbreytt og skemmtileg. Göngur, kvöldvökur, náttúru- og leikjanámskeið og margt annað skemmtilegt í boði.

Ferðafélag Fjarðamanna (<http://simnet.is/ffau>) býður síðan uppá skemmtilega leiki fyrir alla fjölskylduna þ.e. fjöllin fimm og Fjarðabyggðaflakkið. Undirritaður er þegar byrjaður að feta sig áfram í Fjarðabyggðaflakkinu með fjölskyldunni – frábær leikur.

Og síðan eru það bæjarhátíðarnar okkar. Dagskrá Hernámsdagsins eða öllu heldur hernámshelgarinnar hefur aldrei verið veglegri. Frábær dagskrá frá 30. júní til 1. júlí.

Eistnaflugið er á sínum stað í Neskaupstað helgina 12. - 14. júlí með frábærri tónlistarveislu rokkarana. Þeir sem síðan vilja hlusta á mildari tóna fara á Jazzhátíðin JEA sem haldin er á Austurlandi dagana 27. - 30. júní.

Okkar rötgrónu bæjarhátíðir, Neistaflug og Franskir dagar, eru síðan á sínum stað í dagskránni sem og þorpshátíðin Maður er manns gaman verður haldin 20. til 21. júlí á Stöðvarfirði. Frábærar fjölskylduhátíðir þar sem allir geta fundið skemmtun við sitt hæfi. Og ekki má gleyma hinu landsfræga Barneshlaupi um verslunarmannahelgina.

Þá ber að minna á okkar frábæru söfn og sundlaugar sem auðvelt er að gleyma sér í. Eflaust er margt annað sem nefna mætti, en ég hvet alla til að fylgjast vel með fréttum og viðburðadagatalinu á www.fjardabyggd.is og taka þátt í viðburðum í sveitarfélaginu á næstu vikum.

Já, nú er bara að koma sér af stað!

Mínar bestu kveðjur með von um ánægjulegt sumar í Fjarðabyggð.

Góða skemmtun og verið hjartanlega velkomin.

Páll Björgvin Guðmundsson

Menningar miðstöðvar Austurlands

Sýningar í gangi

FRÁSAGNASAFNIÐ

2011 - 2012

Söfnunarmiðstöðin

Aðalsalur, maí - desember

Skaftfell

REACTION INTERMEDIATE

Sumarsýningarröð Skaftfells 2012

Sjá dagskrá á www.skaftfell.is

Skaftfell er opið alla daga frá kl. 12 - 22

Austurglugginn er á facebook



Gunnar Gunnarsson

Hugleiðing

Milljónir í forgjöf

„Ástæðan er fyrst og fremst sú að við búum langt frá Reykjavík og það er dýrt að sækja mót. Unglingar, sem kannski þurfa að láta sumarkaupið sitt endast allan veturinn, hafa hreinlega ekki efni á að taka sér frí úr vinnu eða kaupa sér útbúnað sem þarf, eins og t.d. góða íþróttaskó, hvað þá að borga tíu þúsund krónur í flugfar.“

Þessu svaraði frjálsíþróttapjálfarinn Helga Alfreðsdóttir í samtali við Snæfell árið 1991 þegar hún var spurð að því hver væri helsta ástæða þess að krakkar gæfust upp í frjálsíþróttum. Stofna yrði ferðasjóð til að létta undir með þeim sem sæktu mót langt að: „Auðvitað eiga allir að sitja við sama borð í þeim efnum.“

Nýverið var undirritaður nýr samningur Íþrótt- og ólympíusambandsins og Flugfélags Íslands. Íþróttahreyfingin hefur oft notið velvilja flugfélagsins, bæði í ódýrari fargjöldum og styrkjum, en að þessu sinni hækka gjöldin um rúm 30%.

Slík hækkun er högg fyrir austfirskt íþróttalíf. Formaður Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar hefur bent á að félagið hafi bókað flug fyrir sex milljónir króna í sumar. Næsta sumar kostar það átta milljónir. Þá er ótalin aksturs- og gistikostnaður.


Þessar milljónir þarf félagið að taka frá áður en hægt er að eyða í annað: búnað, aðstöðu, leikmenn. Mér er sagt að flestir leikmenn fyrstu deildar liðs Hattar fái ekki krónu í laun frá félaginu, ólíkt samkeppnisaðilum sínum.

Þetta er veruleiki hópíþróttanna. Höggið er ekki mildara fyrir einstaklingsgreinarnar. Minni greinar með minna bakland eiga enn erfiðra að afla styrkja. Fámennið þýðir líka að enn nauðsynlegra er fyrir þá sem ætla að ná árangri á því sviði að sækja keppnir út fyrir fjórðunginn.

Hvaða áhrif hefur þetta á möguleika okkar á að halda mót? Unglingalandsmótið, sem við höldum í fyrra, var fámennara en þau næstu á undan því langt og dýrt var fyrir fjöldann að koma. Það skildi samt eftir tekjur hjá fyrirtækjum og íþróttafélögum, reynslu hjá starfsmönnum og gleði í samfélaginu. Aukinn ferðakostnaður gerir Austurland ekki að fýsilegum kosti til mótahalds.

Hvert eigum við að sækja styrkina til að borga ferðirnar? Ég gleðst ef austfirskt atvinnulíf er svo sterkt að við getum sótt styrki til fyrirtækjanna hér til að halda úti sama starfi þrátt fyrir hækkunina.

Ferðasjóðurinn sem Helga óskaði sér varð til fyrir nokkrum árum en fjármagnið kemur úr ríkissjóði. Þá áttu framlögin að vaxa ár frá ári en eftir hið viðfræga hrún varð þakið varanlegt. Á ferðakostnaðinn virðist ekkert þak komið enn. Ferðasjóðinn verður að efla strax því austfirsk íþróttafólk á bág með að hafa við samkeppnisaðilum með milljónir í forskot.



Krummaljóð á veggjum

Það má með sannri segja að krummi hafi sett mark sitt á líf margra íbúa Fljótsdalshéraðs undanfarna mánuði. Eftir áramótin síðustu komu saman í leikskólanum Tjarnarlandi nokkrir samfélagshópar og unnu saman í fjölbreyttum smiðjum þar sem krummi var aðalviðfangsefnið. Það voru nemendur leikskólans Tjarnarlands, Félag eldri borgara, starfsbraut M.E. og starfsfólks Stólpa – iðju fyrir fatlaða sem tóku þátt í þessu skemmtilega verkefni. Áætlað er að um 150 þátttakendur hafi komið að smiðjustarfinu á einn eða annan hátt. Samstarfið ól af sér ýmsar listrænar afurðir s.s. krummaskúlp-túr, stóran krummahlaup, krummabútasaumsteppi, krummabruðuleikhús, krummakór og krummadans. Uppskeruhátíðin fór fram á listahátíðinni List án landamæra í Sláturhúsinu á Egilsstöðum – menningarsetri 5. maí sl. Þar var krummi heiðraður með söng, dansi og myndlist. Um 500 manns sóttu sýninguna, sem stóð yfir í 10 daga.

Í framhaldi af krummaverkefninu var ákveðið að gera Fljótsdalshérað að sannkölluðu krummahéraði í tengslum við verkefnið „Ljóð á vegg“, en það var fyrst framkvæmt árið 2008. Þá birtust ástarljóð Páls Ólafssonar á veggjum nokkurra bygginga í sveitarfélaginu í tengslum við sumarsýninguna „Ást í 100 ár“ á Minjasafni Austurlands. Árið 2010 voru nokkur úrvals ljóð Hákonar Aðalsteinssonar sett upp og hafa þau skreytt nokkra húsveggi þar til nú, að krummaljóðin leysa þau af hólmi. Nú er það hinsvegar yngsta kynslóðin á Fljótsdalshéraði sem fær tækifæri til að spreyta sig sem ljóðskáld. Það voru elstu nemendur leikskóla og nemendur 4. bekkjar

grunnskóla af öllu Fljótsdalshéraði sem sendu frá sér skemmtileg krummaljóð. Þau birtast nú hvert á fætur öðru þar sem þau hafa verið hengd upp á húsveggi á nokkrum fjölförnum stöðum á Egilsstöðum og í Fellabæ, íbúum og gestum til skemmtunar og augnayndis. Myndskreytingar af krumma eru við flest ljóðanna og eru þær unnar af leikskólabörnum í Tjarnarlandi.

Verkefnastjórn er yfir verkefninu og er hún samsett af fulltrúum skólasamfélagsins, sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs og Safnahússins á Egilsstöðum. Stefnt er að því að sett verði upp ný ljóð a.m.k. annað hvert ár og skulu ljóðin eða höfundarnir tengjast Fljótsdalshéraði eða Austurlandi á einhvern hátt. Það er ósk verkefnastjórnar að ljóðin eigi eftir að lifga upp á tilveru Héraðsbúa og gleðja gesti og gangandi.

Stuðningsaðilar ljóðaverkefnisins eru Fljótsdalshérað og Topp hlutir á Egilsstöðum.



**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerð verðsamanburð**

